

45. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í Vík miðvikudaginn 6.2. 2019 kl. 16

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Björg Árnadóttir, Eva Björk Harðardóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn starfandi framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 44. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs

Fundargerðin staðfest með undirritun.

2. Þorvaldseyri

Berglind fylgdi úr hlaði ítarlegri samantekt sem hún hafði sent á stjórnina daginn áður. Stjórnin samþykkti að stefna að því að gestastofan yrði opnuð óformlega á næstu vikum og mánuðum. Ráðinn verði starfsmaður sem vinni með núverandi starfsmönnun að mótun starfseminnar. Leitast verði við að fá fram viðhorf gesta í þessu sambandi. Reiknað er með að sett verði upp sýning/fræðsluefni um jarðvanginn, sbr. sýninguna í Kötlusetri. Sölu á þjónustu verði haldið í lágmarki meðan á þessu mótunarferli stendur, selt verði kaffi og gestir geti farið á salerni. Á vordögum verði síðan staðan endurmetin í ljósi reynslunnar. Starfsmenn móti nánar kostnaðaráætlun vegna þessa rekstrar og miðli henni til stjórnar fyrir lok mánaðarins.

3. Málefni tengiliða aðildarsveitarfélaga

Berglind vakti athygli á núverandi starfslýsingum tengiliða jarðvangsins. Mannabreytingar eru framundan og því tækifæri til að endurskoða þær. Berglind kynnti drög að breyttum starfslýsingum tengiliða og verða þau áfram til skoðunar. Þá var samþykkt að beina því til sveitarstjórna jarðvangsins að jarðvangurinn fái áheyrnarfulltrúa í skipulags- og umhverfisnefnd, fái fundargögn hverju sinni og geti mætt á fundina ef málefni tengd jarðvættum jarðvangsins eru til umfjöllunar.

4. Skipun varamanna í stjórn jarðvangsins

Varamenn í stjórn jarðvangsins, til viðbótar við Rögnvald Ólafsson (Stofnun rannsóknarsetra HÍ) og Æsu Guðrúnardóttur (samstarfsfyrirtækin), eru Andri Guðmundsson (Skógasafn), Ólafía Jakobsdóttir (Kirkjubæjarstofa) og Þórdís Ólafsdóttir (Kötlusetur).

5. Önnur mál

Rætt um væntanlega ráðstefnu Volcandpark 2020 sem stefnt er að halda í íslensku jarðvöngunum tveimur og endanlega útgáfu íslensku NOHNIK skýrslunnar sem er væntanleg næstu daga.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 18:45

Þorbjörg Gísladóttir
Anton Kári Halldórsson
Sigurður Sigursveinsson
Björg Árnadóttir
Eva Björk Harðardóttir